

Reykjavík, 17. febrúar 2021

Nefndir og ráð Reykjavíkurborgar

R18060129

100

bþ

Efni:

***Heimildir til frávika frá skilyrðum  
sveitarstjórnarlaga vegna neyðarástands í  
sveitarfélagi - notkun fjarfundarbúnaðar o.fl.***

Bréf þetta er sent til allra fagráða Reykjavíkurborgar sbr. B-lið 63. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar og annarra nefnda sbr. B-lið 64. gr eftir því sem við á.

Á fundi borgarstjórnar þann 16. febrúar 2021 var hjálögð tillaga, dags. 16. febrúar 2021, um framlengingu á heimild til frávika frá skilyrðum sveitarstjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélagi, samþykkt í samræmi við auglýsingu nr. 1436/2020 frá 30. desember 2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til að tryggja starfhæfi sveitarstjórnar og auðvelda ákvarðanatöku við stjórn sveitarfélaga. Þar kemur fram að vegna neyðarástands af völdum COVID-19 farsóttar, hefur samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra tekið ákvörðun um að framlengja heimild allra sveitarstjórnar, sem veitt var með auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 230/2020, til að víkja tímabundið frá eftirfarandi skilyrðum sveitarstjórnarlaga til að tryggja starfhæfi sitt og til að auðvelda ákvarðanatöku við stjórn sveitarfélags, með vísan til VI. bráðabirgðaákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011:

1. Að nota fjarfundarbúnað á fundum sveitarstjórnar og nefnda sveitarfélagsins, án þess að fjarlægðir séu miklar, samgöngur innan sveitarfélags séu erfiðar eða mælt sé fyrir um notkun slíks búnaðar í samþykktum sveitarfélagsins.
2. Að ákveða að engin takmörk verði á fjölda fundarmanna sem taka þátt í fundum sveitarstjórnar og nefnda sveitarfélagsins með fjarfundarbúnaði.
3. Að ákveða að valdsvið nefnda verði með öðrum hætti en mælt er fyrir um í samþykktum sveitarfélagsins.
4. Að fela fastanefnd eða einstökum starfsmönnum sveitarfélagsins fullnaðarafgreiðslu tiltekinna mála sem varða ekki verulega fjárhag sveitarfélags og lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn, þrátt fyrir að kveðið sé á um annað í samþykktum sveitarfélagsins.
5. Að ákveða að staðfesting fundargerða sveitarstjórnar verði með öðrum hætti en mælt er fyrir um í 10. og 11. gr. auglýsingar um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórnar, nr. 22/2013.

Vakin er sérstök athygli á því að gert verður ráð fyrir að kjörnir fulltrúar mæti að meginstefnu til á fundi ráða og nefnda á tímabilinu en áfram verði kostur á að taka sæti í fjarfundi fyrir þá sem kjósa að halda tveggja metra fjarlægð.

Það tilkynnist hér með.

Umrædd heimild gildir til og með 30. apríl 2021 og nær til:

mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs  
menningar-, íþróttar- og tómstundaráðs

skipulags- og samgönguráðs  
skóla- og frístundaráðs  
umhverfis- og heilbrigðisráðs  
velferðarráðs  
barnaverndarnefndar  
endurskoðunarnefndar  
aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks  
fjölmenningsarráðs  
íbúaráða  
innkaupa- og framkvæmdaráðs  
ofbeldisvarnarnefndar  
öldungaráðs

Frekar leiðbeiningar um heimild þessa og eftir atvikum um notkun fjarfundabúnaðar veitir skrifstofa borgarstjórnar.

Helga Björk Laxdal  
e.u.

Hjálagt:

Tillaga um heimildir til frávika frá skilyrðum sveitarstjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélagi, dags. 16. febrúar 2021.

Auglýsing um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til að tryggja starfhæfi sveitarstjórna og auðvelda ákvörðunartöku við stjórn sveitarfélaga nr. 1436/2020.

Auglýsing um leiðbeiningar um notkun fjarfundarbúnaðar á fundum sveitarstjórna nr. 1140/2013.

**BORGARSTJÓRN 16. febrúar 2021: Tillaga um heimildir til frávika frá skilyrðum sveitarstjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélagi - R18060129**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki tímabundin frávik frá skilyrðum ákvæða 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga með vísan til auglýsingar um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra nr 1436/2020, skv. VI. bráðabirgðaákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011. Til og með 30. apríl 2021 verður heimilt að nota fjarfundabúnað á fundum borgarstjórnar, borgarráðs, fagráða samkvæmt B-lið 63. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og annarra nefnda samkvæmt B-lið 64. gr. samþykktarinnar, eftir því sem við á. Notkun fjarfundabúnaðar skal að jafnaði vera í samræmi við ákvæði í leiðbeiningum um notkun fjarfundarbúnaðar á fundum sveitarstjórnar nr. 1140/2013 og verklagsreglum Reykjavíkurborgar um fjarfundi, þó þannig að meirihluti fundarmanna þarf ekki að vera á boðuðum fundarstað sbr. ákvæði 5. gr. leiðbeininganna. Fundargerð borgarstjórnar verður áfram staðfest og yfirfarin af forseta borgarstjórnar, varaforsetum og/eða skrifurum, sbr. ákvæði 8. gr. leiðbeininganna. Gert verður ráð fyrir að boðið verði áfram upp á að kjörnir fulltrúar geti tekið sæti á fundum ráða og nefnda í fjarfundi á meðan fjöldatakmarkanir, grímuskylda og 2 metra nálægðarmörk eru í gildi.

**Greinargerð:**

Alþingi hefur samþykkt breytingar á sveitastjórnarlögum sem ætlað er að skapa sveitarfélögum svigrúm til að bregðast við neyðarástandi og tryggja að sveitarstjórnir verði starfhæfar. Breytingarnar kveða á um að ráðherra geti veitt sveitastjórnum tímabundna heimild til að víkja frá tilteknum ákvæðum sveitarstjórnarlaga til að sveitarstjórn sé starfhæf við neyðarástand og til að auðvelda ákvarðanatöku. Þetta er gert til að bregðast við aðstæðum sem hafa skapast vegna COVID-19 kórónuveirufaraldursins. Samkvæmt ákvörðun samgöngu- og sveitastjórnarráðherra er sveitastjórnum heimilt að taka ákvarðanir til að bregðast við ástandinu. Í tillögunni sem nú er lögð fyrir borgarstjórn er gert ráð fyrir að fjarfundabúnaður verði áfram heimilaður á fundum borgarstjórnar, borgarráðs, fagráða og annarra nefnda Reykjavíkurborgar til og með 31. apríl nk.

Nr. 1436

16. desember 2020

## AUGLÝSING

### um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til að tryggja starfhæfi sveitarstjórna og auðvelda ákvarðanatöku við stjórn sveitarfélaga.

Vegna neyðarástands af völdum COVID-19 farsóttar, hefur samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra tekið ákvörðun um að fram lengja heimild allra sveitarstjórna, sem veitt var með auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 230/2020, til að víkja tímabundið frá eftirfarandi skilyrðum sveitarstjórnarlaga til að tryggja starfhæfi sitt og til að auðvelda ákvarðanatöku við stjórn sveitarfélags, með vísan til VI. bráðabirgðaákvædis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011:

1. Að nota fjarfundarbúnað á fundum sveitarstjórnar og nefnda sveitarfélagsins, án þess að fjarlægðir séu miklar, samgöngur innan sveitarfélags séu erfiðar eða mælt sé fyrir um notkun slíks búnaðar í samþykktum sveitarfélagsins.
2. Að ákveða að engin takmörk verði á fjölda fundarmanna sem taka þátt í fundum sveitarstjórnar og nefnda sveitarfélagsins með fjarfundarbúnaði.
3. Að ákveða að valdsvið nefnda verði með öðrum hætti en mælt er fyrir um í samþykktum sveitarfélagsins.
4. Að fela fastanefnd eða einstökum starfsmönnum sveitarfélagsins fullnaðarafgreiðslu tiltekinna mála sem varða ekki verulega fjárhag sveitarfélags og lög eða eðli más mæla ekki sérstaklega gegn, þrátt fyrir að kveðið sé á um annað í samþykktum sveitarfélagsins.
5. Að ákveða að staðfesting fundargerða sveitarstjórnar verði með öðrum hætti en mælt er fyrir um í 10. og 11. gr. auglýsingar um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna, nr. 22/2013.

Um er að ræða skilyrði samkvæmt 3. mgr. 17. gr., 5. mgr. 35. gr., 1. mgr. 40. gr., 1. og 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga og 5. gr. auglýsingar um leiðbeiningar um notkun fjarfundarbúnaðar á fundum sveitarstjórnar, nr. 1140/2013.

Sveitarstjórnnum er heimilt að taka þessar ákvarðanir á fundi þar sem allir fundarmenn taka þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

Heimild þessi tekur gildi 31. desember 2020 og gildir til 31. apríl 2021.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 16. desember 2020.*

**Sigurður Ingi Jóhannsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 30. desember 2020

Nr. 1140

4. desember 2013

## AUGLÝSING

### um leiðbeiningar um notkun fjarfundarbúnaðar á fundum sveitarstjórna.

#### 1. gr.

Markmið leiðbeininga þessara er að veita leiðsögn um notkun fjarfundarbúnaðar á fundum sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Um heimild til notkunar slíks búnaðar skal kveðið á í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins, sbr. 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Heimildin á ekki við ef sveitarstjórnarmaður er staddur utan sveitarfélagsins eða forfallaður af öðrum orsökum en tilgreindar eru í 2. gr.

#### 2. gr.

Sveitarstjórnarmanni er heimilt að taka þátt í fundi sveitarstjórnar í gegnum fjarfundarbúnað ef fjarlægð frá fundarstað, slæmt veður eða samgönguörðugleikar innan sveitarfélags torvelda honum fundarsókn. Sveitarstjórnarmaður sem óskar eftir að taka þátt í fundi í gegnum fjarfundarbúnað af ofangreindum ástæðum skal tilkynna það oddvita og sveitarstjóra með nægjanlegum fyrirvara.

Með sama hætti og með sömu fyrirvorum má nýta fjarfundarbúnað á fundum byggðarráðs og annarra fastanefnda sveitarfélags.

#### 3. gr.

Mikilvægt er að tryggja jafna möguleika allra fundarmanna til þátttöku á fundi hvort sem þeir eru viðstaddir eða taka þátt í gegnum fjarfundarbúnað. Í því felst að tryggja þarf jafna möguleika þeirra til að biðja um orðið og tjá sig, taka þátt í atkvæðagreiðslu og bóka afstöðu sína til málá.

Ef gögn eru lögð fram á fundi vegna málá sem eru á dagskrá fundarins, skal tryggja að sveitarstjórnarmaður sem situr fund í gegnum fjarfundarbúnað geti kynnt sér gögnin. Einnig þarf að tryggja að fundarmenn eigi jafna möguleika á að fylgjast með kynningum á mynd- eða talnaefni, ef um slíkt er að ræða.

Leynilegar atkvæðagreiðslur geta ekki farið fram ef einhver fundarmanna tekur þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

#### 4. gr.

Að öllu jöfnu skal hver og einn fundarmaður, hvort sem hann er staddur á fundarstað eða annars staðar, vera sýnilegur öðrum fundarmönnum á meðan á fundi stendur þannig að hægt sé að fylgjast með innleggi hans og þátttöku í fundi án hindrana. Hið sama gildir um aðra þá sem fylgjast með fundi, sé um opinn fund að ræða.

Sé ekki mögulegt að hafa fundarmann sýnilegan getur hann tekið þátt í fundinum í gegnum síma, enda sé því ekki mótmælt af öðrum fundarmönnum og það tryggt að allir fundarmenn heyri vel í honum.

#### 5. gr.

Miða skal við að meirihluti fundarmanna sé viðstaddir á boðuðum fundarstað. Ef meirihluti fundarmanna hefur ekki tök á að mæta á fundarstað vegna veðurs eða erfiðra samgangna ætti að öllu jöfnu að fresta fundi.

#### 6. gr.

Mikilvægt er að tryggja öryggi í samskiptum á milli fundarmanna þannig að óviðkomandi geti ekki fylgst með umræðum um mál sem rædd eru á lokuðum fundi. Að jafnaði skal ekki nota fjarfundarbúnað ef ræða á sérstaklega viðkvæm trúnaðarmál á fundi. Fjarfundarbúnaður hentar því ekki til notkunar á fundum nefnda þar sem slík trúnaðarmál eru oft til umfjöllunar, svo sem á fundum barnaverndarnefndar.

Nr. 1140

4. desember 2013

## 7. gr.

Ef fjarfundarbúnaður bregst á fundi skal gert fundarhlé. Fundi verður ekki fram haldið fyrr en samband hefur náðst á ný eða varamaður tekið sæti á fundinum.

## 8. gr.

Fundargerð skal lesin upp í lok fundar og undirrituð af þeim fulltrúum sem eru viðstaddir. Sá sem tekur þátt í fundi gegnum fjarfundarbúnað skal eiga kost á að hlýða á upplesturinn svo hann geti komið að athugasemdum sínum ef einhverjar eru. Hann skal síðan undirrita fundargerðina á næsta fundi sem hann er viðstaddir eða á skrifstofu sveitarfélagsins.

## 9. gr.

Leiðbeiningar þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 19. gr., sbr. 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlag nr. 138/2011.

*Innanríkisráðuneytinu, 4. desember 2013.*

F. h. r.

**Ragnhildur Hjaltadóttir.**

*Hermann Sæmundsson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2013